

Helstu niðurstöður aðalfundar Festi hf. 2019

Aðalfundur Festi hf. var haldinn hinn 21. mars 2019 klukkan 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Á fundinum voru eftirfarandi tillögur samþykktar, auk þess sem sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

Tillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum eru eftirfarandi:

1. Fundurinn samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2018.
2. Samþykkt var að ekki yrði greiddur út arður vegna rekstrarársins 2018.
3. Tillaga stjórnar um að skipa Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur og Tryggva Pálsson í tilnefningarnefnd var samþykkt.
4. Samþykkt var að Deloitte hf. yrði endurskoðunarfirma félagsins fyrir rekstrarárið 2019 og Þorsteinn Pétur Guðjónsson og Rúnar Dór Daníelsson endurskoðendur félagsins.
5. Samþykkt var að þóknun stjórnarmanna, varastjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar verði með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður fái kr. 740.000 á mánuði.

Varaformaður stjórnar fái kr. 555.000 á mánuði.

Aðrir stjórnarmenn fái kr. 370.000 á mánuði.

Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 52.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 103.000 á mánuði.

Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fái kr. 82.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 145.000 á mánuði.

Formaður fjárfestingarráðs fái kr. 145.000 á mánuði.

Formaður tilnefningarnefndar fái kr. 145.000 á mánuði, nefndarmaður kr. 123.000 á mánuði og fulltrúi stjórnar Festi í nefndinni fái kr. 82.000 á mánuði.

Þá var samþykkt að þóknun til tilnefningarnefndar fyrir starfsárið 2018/2019 verði að formaður nefndarinnar fái kr. 1.680.000, nefndarmaður kr. 1.440.000 og fulltrúi stjórnar fái kr. 960.000.

6. Starfskjarastefna félagsins frá fyrra ári var samþykkt óbreytt.
7. Samþykkt var tillaga tilnefningarnefndar um nýjar starfsreglur nefndarinnar sem byggja á eldri reglum. Breytingar felast einkum í eftirfarandi:
 - Breyttu heiti félagsins úr N1 hf. í Festi hf.
 - Nefndin sé tiltæk til starfa árið um kring.
 - Hnykk á því að nefndin starfi í samræmi við samþykktir og lög.
 - Starf nefndarinnar takmarkað við að leggja mat á tilnefningar og framboð sem berast innan þess frests sem nefndin tilgreinir í auglýsingu sinni. Hins vegar beri að beina öðrum tilnefningum og framboðum eftir það tímamark til stjórnar félagsins.
 - Nefndin gæti trúnaðar um allar tilnefningar og framboð.
 - Ávallt skuli gera grein fyrir áleti minnihluta nefndarinnar klofni hún í afstöðu sinni.

- Heimild til að víkja frá tímafrestum þegar stjórnarkjör er á dagskrá annarra hluthafafunda beri nauðsyn til.
- Ákvæði um hvenær nefndin er ákvörðunarbær.

8. Eftirfarandi tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum var samþykkt:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 21. mars 2019 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2020, en þó aldrei lengur en til 21. september 2020. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Stjórn félagsins var skjálfkjörin. Aðalstjórn félagsins skipa:

- Björgólfur Jóhannsson, kt. 280855-3409
- Guðjón Karl Reynisson, kt. 131163-3209
- Kristín Guðmundsdóttir, kt. 270853-7149
- Margrét Guðmundsdóttir, kt. 160154-2419
- Þórður Már Jóhannesson, kt. 080773-5529